



# **KVENNAKNATTSPYRNA Í EVRÓPU: SAGA OG ÞRÓUN**

Bylgja Eybjörg Arnarsdóttir

Lokaverkefni í íþróttافرæði BSc  
2015

Höfundur: Bylgja Eybjörg Arnarsdóttir  
Kennitala: 271191-3089  
Leiðbeinandi: Ásrún Matthíasdóttir

Tækni- og verkfræðideild  
School of Science and Engineering

## Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um sögu og þróun kvennaknattspyrnunnar í Evrópu og á Íslandi. Leitast var við að skoða þær breytingar sem orðið hafa á íþróttinni í gegnum árin og ástæður þeirra með því að rýna í hinar ýmsu heimildir um málefnið. Kvennaknattspyrnan á sér töluvert langa sögu og hefur íþróttin þurft að yfirstíga töluvert margar hindranir. Árið 1921 var kvennaknattspyrna bönnuð víða um Evrópu og stóð bannið yfir í rúm 50 ár. Lítið var um alþjóðlegar keppnir fyrir konur fyrir en í kringum árið 1980 þegar UEFA ákvað að halda fyrstu Evrópukeppni kvenna í fótbolta. Frá þeim tíma hefur kvennaknattspyrnan vaxið töluvert hratt en iðkendum og áhorfendum fjölgað með hverju árinu sem líður. Keppnum hefur fjölgað og framtíðin er björt fyrir ungar knattspyrnukonur. Þrátt fyrir þessa jákvæðu þróun eru enn þann dag í dag hindranir sem þarf að yfirsíga til þess að frekari þróun verði.

## Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til BSc gráðu í íþróttافرæði við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og er vægi hennar 12 ECTS einingar. Leiðbeinandi var Ásrún Matthíasardóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, og vil ég þakka henni fyrir þá aðstoð og hvatningu sem hún veitti mér við vinnslu verkefnisins.

Ritgerðin er heimildaritgerð og fjallar um sögu og þróun kvennaknattspyrnunnar í Evrópu. Ég ákvað mjög fljótlega að ég vildi skrifa um knattspyrnu enda hef ég mikinn áhuga á henni. Ég æfði sjálf knattspyrnu frá 9-19 ára aldurs og á þessum tíma varð mikil þróun í kvennaknattspyrnunni, bæði hvað varðar aðstæður og vinsældir. Ég ákvað því að kynna mér sögu kvennaknattspyrnunnar og skoða hverjar ástæðurnar væru fyrir þessari jákvæðu þróun.

Ég vil þakka Hildi Aðalsteinsdóttur fyrir yfirlestur á ritgerðinni. Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni og þá sérstaklega móður minni, fyrir allan stuðninginn, hvatninguna og aðstoðina.

## Efnisyfirlit

Útdráttur .....	1
Formáli .....	2
Myndaskrá.....	4
Inngangur .....	5
Upphaf knattspyrnunnar .....	7
Þátttaka kvenna í íþróttum .....	10
Saga kvennaknattspyrnunnar í Evrópu.....	12
Fyrir árið 1900.....	12
Árin 1900-1921 .....	13
Árin 1922-1964 .....	16
Árin 1964-2014 .....	17
Saga kvennaknattspyrnunnar á Íslandi.....	21
Upphafið.....	21
Íslandsmót .....	22
Bikarkeppni .....	24
Íslenska landsliðið.....	26
Vöxtur og þróun kvennaknattspyrnunnar.....	29
Hindranir .....	33
Fjölmiðlar .....	33
Tengsl við karlaknattspyrnu.....	34
Peningar.....	35
Stimplun samkynhneigðar.....	36
Lokaorð .....	37
Heimildaskrá .....	40

## **Myndaskrá**

Mynd 1. Skráðir kvenkyns leikmenn á árunum 1985-2015 .....	30
Mynd 2. A-landsleikir kvenna á árunum 1995-2011.....	31
Mynd 3. Fjöldi virkra A-landsliða á árunum 1995-2011 .....	31

## Inngangur

Talið er að um 29 milljónir kvenna spili knattspyrnu um allan heim í dag, en þróun kvennaknattspyrnunnar hefur verið mikil á undanförunum árum (FIFA, e.d.-a). Keppnistækifærum hefur fjölgað og geta leikmanna hefur aukist (Waldron, 2007). Þessi þróun hefur leitt til frekari útbreiðslu og vaxandi vinsælda (Williams, 2013). Kvennaknattspyrnan hefur átt erfitt uppdráttar og hefur íþróttin enga samfellda sögu þar sem að hún var bönnuð um langt skeið. Saga knattspyrnunnar hefur að mestu leiti verið skrifuð af mönnum og um menn og er kvennaknattspyrnunni yfirleitt gerð skil í einum litlum kafla. Lengi vel hafði kvennaknattspyrnan ekkert knattspyrnusamband til þess að halda utan um sögu og met og því getur verið erfitt að finna upplýsingar um slíkt (UEFA, 2014).

Þó svo að kvennaknattspyrnan hafi gengið í gegnum erfiða tíma er hún í dag stærsta íþróttgreinin sem iðkuð er af konum í Evrópu. Skráðum leikmönnum hefur fjölgað úr 239 þúsund árið 1985 og í 1,8 milljón árið 2011. Kvennaknattspyrnan er því að vaxa á meiri hraða en karlaknattspyrnan gerir (ECA Women's Football Committee, 2014).

Þrátt fyrir jákvæða þróun kvennaknattspyrnunnar eru enn þann dag í dag vandamál sem geta hægt á þessari þróun. Það er löngu vitað að áhugi áhorfenda á kvennaknattspyrnu er lítill og þar af leiðandi er skortur á úrræðum fyrir íþróttina. Það er hins vegar ekki vitað hver ástæðan er fyrir þessu áhugaleysi sem virðist vera fast í venjum knattspyrnuáhugafólks. Fólk sem fylgist með knattspyrnu er vant því að sjá mikla umfjöllun um karlaknattspyrnu í fjölmiðlum en litla umfjöllun um kvennaknattspyrnu. Umfjöllun um karlaknattspyrnu verður því talin eðlileg á meðan umfjöllun um kvennaknattspyrnu er ákveðin tilbreyting (Pfister, 2015).

Í þessari ritgerð verður saga kvennaknattspyrnunnar skoðuð. Farið verður yfir það hvernig og hvenær kvennaknattspyrnan hófst bæði hér á landi og annars staðar í Evrópu. Einnig verður skoðað hvernig kvennaknattspyrnan hefur þróast í gegn um tíðina og hvernig hún hefur náð þeim vinsældum sem hún hefur í dag. Að lokum verður fjallað um þær hindranir sem konur þurfa og hafa þurft að yfirstíga til þess

að stunda íþróttina. Því miður er ekki um auðugan garð að gresja þegar kemur að heimildum um kvennaknattspyrnu en leitast var við að nota eins fjölbreyttar heimildir og hægt var. Þessi heimildaskortur segir mikið til um það hversu kvennaknattspyrnan hefur átt undir högg að sækjast.

## Upphaf knattspyrnunnar

Erfitt er að segja nákvæmlega til um það hvenær upphaf knattspyrnunnar var en til eru heimildir um leiki svipaða knattspyrnu frá upphafi okkar tímatafs. Þessar heimildir eru til dæmis frá Kína, Japan, Grikklandi og Róm. Júlíus Pollux, egypskur sagnfræðingur, skrifaði á seinni hluta annarrar aldar lýsingu á leik sem svipar til knattspyrnu. Þar kemur fram að leikmönnum væri skipt í tvö lið sem léku á móti hvort öðru. Markmið leiksins var að koma knettinum yfir línur sem staðsettar voru á sitt hvorum enda leikvangsins. Leikurinn var hluti af herþjálfun rómverskra hermanna og kemur fram í sumum heimildum að Rómverjar hafi innleitt leikinn í Bretlandi þegar þeir lögðu landið undir sig. Aðrar heimildir segja að leikurinn hafði þegar verið til staðar þar í landi og að hann hafi verið spilaður á Írlandi fyrir um 2500 árum (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Á Bretlandi hefur knattspyrna verið leikinn síðan á 12. öld. Fyrsta heimildin um knattspyrnuleik í Englandi er frá árinu 1170 í London. Þar kemur fram að eftir kvöldmat hafi ungmenni borgarinnar farið út að spila vinsælan leik með bolta. Eldra fólk, feður og menn úr efnuðum fjölskyldum komu á hestbaki og fylgdust með þessum leikjum (Tate, 2013). Knattleikurinn hafði náð töluverðum vinsældum á Englandi á 13. öld og var sprengidagur opinber leikdagur á hverju ári. Á þessum degi var oft höfð keppni á milli borgarhluta eða þorpa og þótti leikurinn oft og tíðum ansi harður. Flest allt var leyfilegt í þessum keppnum fyrir utan vopnaburður og þóttu brotnir útlímur eða brákaðar höfuðkúpur ekki mikið tiltökumál (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Árið 1349 bannaði Játvarður þriðji Englandskonungur leikinn um allt England en leikurinn hafði verið bannaður í London síðan árið 1314. Ástæðan fyrir banninu var sú að leikurinn var talinn leiða margt af sér sem var í andstöðu við það sem trúin boðaði. Þrátt fyrir þetta bann lifði leikurinn meðal almennings, en banninu var svo aflétt af Karli öðrum Englandskonung árið 1681 (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Á 19. öld var stigið stórt skref í átt að nútíma knattspyrnu þegar enskir skólar tóku leikinn inn í skólastarf. Reglurnar voru ennþá frekar frjálsar og var hver skóli með



sína eigin útfærslu á þeim. Árið 1848 voru samdar reglur í Cambridge háskólanum sem lögðu grunninn að þeirri knattspyrnu sem við þekkjum í dag (FIFA, e.d.-b). Næstu ár voru mörg knattspyrnufélög stofnuð á Englandi, það fyrsta árið 1855 í Sheffield og árið 1863 var enska knattspyrnusambandið stofnað (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Landsliðsleikir voru leiknir á Bretlandi áður en að knattspyrna varð þekkt í Evrópu, en Skotland og England léku fyrsta landsleikinn árið 1872. Íþróttin breiddist út fyrir Bretland smám saman eftir það. Holland og Danmörk tóku upp knattspyrnuna árið 1889 og mörg önnur lönd fylgdu á eftir þeim (FIFA, e.d.-b). Knattspyrna varð fyrst hluti af Ólympíuleikunum árið 1900 en þá voru leikarnir haldnir í París. Kvennaknattspyrna varð hins vegar ekki hluti af leikunum fyrr en árið 1996, þegar þeir voru haldnir í Atlanta (IOC, e.d.). Alþjóða knattspyrnusambandið (FIFA) var stofnað árið 1907 og í upphafi voru sjö aðildarfélög skráð í sambandið. Árið 1912 voru félögin orðin 12 og árið 1925 voru þau 36 talsins. Í dag eru aðildarfélögin samtals 208 (FIFA, e.d.-b).

Maður að nafni James B. Ferguson hafði mikil áhrif á upphaf knattspyrnu á Íslandi. Ferguson kom til landsins árið 1895 til starfa sem maskínumeistari í prentsmiðju Ísafoldar. Fljótlega eftir komuna stofnaði hann Reykjavík Gymnastic Club þar sem settar voru upp fimleikasýningar. Á þessum tíma hafði knattspyrna ekki verið stunduð skipulega á Íslandi en Ferguson safnaði saman nokkrum samstarfsmönnum sínum, ásamt nokkrum ungum fimleikadrengjum, og byrjaði knattspyrnuæfingar. Dvöl Ferguson stóð einungis yfir í um eitt ár en margir af þeim sem höfðu æft knattspyrnu undir hans stjórn héldu því áfram (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Birni Kalman tókst að útvega sér eintaki af ensku knattspyrnureglunum og þýddi þær og þannig lærðust reglur leiksins smám saman hér á landi. Þann 3. ágúst árið 1899 fór svo fyrsti opinberi leikurinn fram. Fyrr sama ár eða 16. febrúar var fyrsta knattspyrnufélagið stofnað, Fótboltafélag Reykjavíkur, sem varð seinna að Knattspyrnufélagi Reykjavíkur (KR). Þegar keppt var í knattspyrnu á fyrstu árum 20. aldar var Fótboltafélag Reykjavíkur eina liðið og því var skipt í lið af handahófi. Næstu ár voru fleiri knattspyrnufélög stofnuð og þar á meðal Fram,

Valur og Víkingur. Árið 1911 fór fyrsti alvöru knattspyrnuleikurinn fram milli íslenskra liða. Leikurinn fór fram á móti sem var haldið 17. júní það árið. Árið eftir fór svo fyrsta Íslandsmótið fram (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Í dag er leikið á Íslandsmóti í efstu deild karla og kvenna ár hvert. Auk þess er leikið í fyrstu, annarri, þriðju og fjórðu deild karla og fyrstu deild kvenna. Þau lið sem ná bestum árangri árið á undan í karlaflokki taka svo þátt í Meistaradeild eða Evrópukeppni og keppa þar við erlend félög. Bikarkeppnin er haldin ár hvert fyrir meistaraflokk karla og kvenna. Einnig er mikið af keppnum fyrir unga iðkendur en leikið er á Íslandsmóti frá fimmta flokki og upp úr en auk þess er leikið á Reykjavíkurmóti og Faxaflóamóti. Í öðrum og þriðja flokki karla og kvenna geta lið einnig skráð sig til leiks í Bikarkeppni (KSÍ, 2015).

## **Þátttaka kvenna í íþróttum**

Þátttaka kvenna í íþróttum á sér langa sögu sem einkennist af mismunun en einnig stórum afrekum og mikilvægum framförum sem hafa stuðlað að frekara jafnrétti kynjanna. Áður fyrr voru konur taldar of veikburða til þess að stunda íþróttir, sérstaklega íþróttir sem þarfnast mikils þols líkt og hjólreiðar eða maraþonhlaup. Einnig var því haldið fram að íþróttir væru ekki góðar fyrir heilsu kvenna. Í dag er ávinningur kvenna af íþróttaiðkun og hreyfingu vel þekktur. Líkamleg hreyfing eins og íþróttir geta komið í veg fyrir sjúkdóma sem valda um 60% dauðsfalla í heiminum. Þátttaka í íþróttum getur einnig haft góð áhrif á andlega heilsu fólks á öllum aldri (United Nations, 2007).

Það að stunda íþróttir bætir ekki aðeins heilsu heldur getur það einnig haft áhrif á félagsfræðilega þætti. Íþróttir veita stúlkum og konum tækifæri til þess að taka þátt í félags- og menningarlífi í samfélagi sínu. Íþróttir veita ný tækifæri, efla félagslegt tengslanet og auka sjálfsálit meðal annars. Íþróttaiðkun eykur einnig tækifæri til menntunar og þróunar á mikilvægri kunnáttu líkt og samvinnu, samskiptum, forystuhæfileikum og samningaviðræðum (United Nations, 2007).

Við lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. var þátttaka kvenna í íþróttum aðallega í leikfimi deildum. Íþróttakennarar trúðu því að allar konur ættu að fá tækifæri til þess að stunda íþróttir sér til skemmtunar. Áhersla var lögð á þátttöku kvenna og fjölbreyttar æfingar, en það var mjög ólíkt þeirri nálgun sem notast var við í íþróttum karla á þessum tíma þar sem áhersla var lögð á keppnir. Með þessum áherslum voru ekki mörg tækifæri fyrir konur til þess að taka þátt í keppnum, sérstaklega á vegum skólanna. Konur sem vildu fleiri keppnistækifæri þurftu að leita annað (Waldron, 2007).

Frá upphafi 20. aldar hafa konur og stúlkur stigið stórt skref í tengslum við íþróttir. Keppnistækifærum hefur fjölgað og geta leikmanna hefur aukist (Waldron, 2007). Árið 1900 tóku konur fyrst þátt í Ólympíuleikunum en þá tóku 22 konur þátt í tveimur íþróttagreinum, tennis og golfi. Allt frá því hefur kvenþátttakendum fjölgað hægt en örugglega. Á leikunum sem haldnir voru í London árið 2012 voru konur meira en 44% þátttakanda. Fjöldi þeirra greina sem

konur keppa í á Ólympíuleikunum hefur einnig fjölgað (IOC, 2013).

## **Saga kvennaknattspyrnunnar í Evrópu**

Saga kvennaknattspyrnunnar er frekar stutt í samanburði við karlknattspyrnu, en margar ástæður eru fyrir því. Þó svo að konur hafi verið farnar að sparka í bolta á 18. öldinni í Englandi, og margt bendi til þess að svipað hafi verið að gerast í Þýskalandi við lok 18. aldar, var knattspyrna lengi vel talin óviðeigandi fyrir konur. Konur sem spiluðu knattspyrnu buðu upp á gagnrýni á sig á þann hátt að þær voru álitnar bregðast hefðbundnum samfélagslegum skyldum sínum sem konur (Hallmann, 2012).

### **Fyrir árið 1900**

Þó nokkuð af heimildum eru til um það að konur hafi spilað leiki með bolta, jafn lengi og karlar. Gögn sem fundust í Kína og eru frá árunum 25 til 220 sýna að konur spiluðu knattspyrnu á þessum tíma. Fram kemur að konur hafi spilað á alþýðuleikum leiki í líkingu við knattspyrnu á 12. öldinni í Frakklandi. Til eru gögn frá Inverness í Skotlandi um leiki frá seinni hluta 17. aldar, þegar lið ógífra kvenna spiluðu á mótum liðum giftra kvenna. Samkvæmt frásögnum unnu eiginkonurnar flesta leikina (UEFA, 2014).

Ljósmynd sem tekin var árið 1895 sýnir konu, Nettie Honeyball, í knattspyrnubúningi. Hún er í treyju sem er girt niður í víðar buxur, með legghlífar og í skóm sömu tegundar og notaðir voru af körlum sem spiluðu knattspyrnu á þessum tíma. Hún stendur bein í baki, með liðað hárið fyrir aftan höfuð og alvarleg á svip. Árið áður en myndin var tekin hafði Honeyball stofnað samtök sem hún nefndi British Ladies Football Club með það að markmiði að sýna heiminum að konur væru ekki aðeins tilgangslausar og skrautlegar verur líkt og margir menn höfðu talið þær vera (UEFA, 2014).

Honeyball skipulagði viðburð sem sagður er vera fyrsti formlegi knattspyrnuleikurinn sem leikinn var af konum (UEFA, 2014). Í lok ársins 1894 stofnaði hún knattspyrnulið, fékk þjálfara í lið með sér og undir stjórn þjálfarans æfði liðið alla virka daga. Leikmönnum liðsins var skipt niður í tvö lið eftir því hvar þær ólust upp og átti fyrsti leikurinn að vera spilaður á milli leikmanna frá Norður-London og Suður-London. Stúlkurnar sóttu um að fá að spila leikinn á

heimavelli krikket liðsins Surrey County, en enska knattspyrnusambandið neitaði þeirri bón. Á þessum tíma var enska knattspyrnusambandið að reyna að halda því leyndu að konur væru farnar að spila knattspyrnu. Eftir mikla leit fengu stúlkurnar loksins úthlutuðum velli í Crouch End (Tate, 2013).

Leikurinn fór fram þann 23. mars og fékk hann mikla umfjöllun í fjölmiðlum áður en að hann fór fram (Tate, 2013). Samkvæmt heimildum þá endaði leikurinn 7-1 fyrir fulltrúum Norður-London. Þúsundir áhorfenda voru á leiknum en samkvæmt tímaritinu Sketch þá horfðu áhorfendur á leikinn með meðaumkun og voru margir þeirra á leiðinni heim áður en leikurinn var hálfnaður. Á þessum tíma voru margir þeirrar skoðunar að konur ættu ekkert erindi inn í þann harða heim sem heimur knattspyrnuvallarins væri (UEFA, 2014).

Frá því að þessi leikur var spilaður í mars og þar til í september sama ár spiluðu stúlkurnar 34 leiki um allt England, ásamt því að spila í Skotlandi og á Norður-Írlandi. Þetta voru mun fleiri leikir en karlkyns knattspyrnumenn spiluðu á þessu sama tímabili. Fjölmiðlar fylgdu liðinu eftir og höfðu meðal annars mikinn áhuga á því að komast að því hvort aðalleikmaður liðsins, sem var kallaður Tommy í fjölmiðlum, væri drengur eða stúlka. Um 1897 fór liðið að sundrast bæði vegna peningaerfiðleika og erfiðleika við það að fá bókaða velli og eftir það hvarf kvennaknattspyrnan af sjónarsviðinu um nokkurn tíma (Tate, 2013).

Blaðgreinar um kvennaknattspyrnu breyttust lítið á árunum 1920-1950. Alltaf var tekið fram hvernig leikurinn endaði og stundum voru teknar fram óljósar upplýsingar um hvernig mörkin voru skorud og af hverjum. Það þótti mikilvægt að fullvissa lesendur um það að liðið samanstæði af venjulegum, giftum konum sem væru aðeins að spila knattspyrnu fyrir eitthvert góðgerðamál. Einnig fjölluðu blaðgreinarnar oft um ýmislegt annað en getu þeirra í knattspyrnu, til dæmis það að þær væru strákastelpur (Lopez, 1997).

### **Árin 1900-1921**

Í fyrri heimstyrjöldinni voru kvenna knattspyrnulið stofnuð víðs vegar um England með það að markmiði að safna til góðgerðarmála (Newsham, 2014).

Flestir heilbrigðir karlmenn sem bjuggu á Englandi skráðu sig í herinn og tóku þátt í stríðinu. Það varð til þess að konur þurftu að ganga í hefðbundin karla störf, til dæmis í verksmiðjum. Í þessum störfum mynduðu konur sterk vinatengsl við aðrar konur og fóru margar þeirra að spila knattspyrnu í vinnuhléum sínum. Eftir því sem leið á stríðið varð knattspyrnuíðkun kvenna reglulegri og kvennalið tóku að myndast út frá verksmiðjunum („WW1: Why was women's football banned in 1921“, 2014). Í bakgarði í eigu fyrirtækisins Dick, Kerr & Co. fóru slíkar æfingar til dæmis fram en fyrirtækið bar ábyrgð á rafmögnun járnbrautarinnar á milli Southport og Liverpool í stríðinu. Í bakgarðinum eyddu konurnar, sem þar störfuðu, te- og hádegishléum sínum í að sparka í bolta með drengjunum. Á þessum tíma voru um 20 ár síðan að British Ladies football club hafði leysts upp (Newsham, 2014; UEFA, 2014).

Í október árið 1917 var karla liðið í verksmiðjunni að ganga í gegnum erfiða tíma og var búið að tapa nokkrum af síðust leikjum sínum. Konurnar gerðu óspart grín að þeim og sögðust geta gert betur en þeir. Það endaði svo á því að þeir skorðu á þær að spila leik við sig og tóku konurnar áskoruninni. Það eru því miður ekki til heimildir um það hvernig leikurinn fór en þetta var án efa góð reynsla fyrir þetta nýja kvennalið í knattspyrnu (Newsham, 2014).

Á stuttum tíma jókst áhugi og geta Dick, Kerr stúlkanna. Skjalaritari í verksmiðjunni varð fljótlega þjálfari þeirra og fyrir jólin árið 1917 spiluðu þær sinn fyrsta góðgerðarleik. Leikurinn var auglýstur á plakötum og um tíu þúsund áhorfendur mættu og sáu Dick, Kerr stúlkurnar vinna 4-0. Þremur árum seinna eða árið 1920, á öðrum degi jóla, komu um 53 þúsund áhorfendur á Goodison Park í Liverpool til þess að sjá þær spila á móti St. Helen's stúlkunum. Áhuginn fyrir leiknum var mjög mikill en um tíu þúsund áhorfendur urðu frá að hverfa (UEFA, 2014). Tveimur vikum síðar mættu um 35 þúsund áhorfendur til þess að fylgjast með Dick, Kerr stúlkunum spila á Old Trafford, heimavelli Manchester United. Árið 1921 spiluðu Dick, Kerr stúlkurnar alls 65 góðgerðarleiki víðs vegar um Bretland (Grainey, 2012).

Í kringum árið 1915 var kvennaknattspyrnan farin að dreifast um Evrópu og víðar, til dæmis voru konur í háskólum í Bandaríkjunum byrjaðar að spila og árið 1921

voru um 150 spílandi kvennalið í Englandi. Í kringum árið 1916 byrjuðu fyrstu kvennaliðin að myndast til dæmis í Frakklandi og í Frankfurt í Þýskalandi eru til heimildir um að kvennaknattspyrna hafi verið leikin þar á svipuðum tíma (UEFA, 2014). Í Frakklandi var Fédération des Sociétés Féminines Sportives de France eða franska kvenna knattspyrnusambandið stofnað árið 1916 og skipulagði sambandið keppni fyrir lið frá Marseille, Reims, Toulouse og París (Williams, 2013).

Í apríl árið 1920 tóku Dick, Kerr stúlkurnar á móti liði frá Frakklandi sem kom til Englands til að spíla góðgerðarleiki við þær. Um 25 þúsund áhorfendur komu á fyrsta leik liðanna sem endaði með 2-0 sigri Dick, Kerr stúlkunnanna. Stúlkurnar spíluðu annan leik nokkrum dögum síðar en um 15 þúsund áhorfendur fylgdust með honum. Í þessum tveimur leikjum tókst liðunum að safna um tvö þúsund pundum til góðgerðamála. Seinna sama ár fóru Dick, Kerr stúlkurnar svo í æfingaferð til Frakklands (Newsham, 2014).

Eftir stríð fóru þeir karlar sem höfðu tekið þátt í stríðinu að snúa aftur heim og konur fóru því að snúa sér aftur að þeim störfum sem þóttu „viðeigandi“ fyrir þær í samfélaginu. Ekki var lengur litið á knattspyrnu sem heilsueflandi fyrir konur heldur þótti hún of erfið fyrir líkamsbyggingu þeirra („WW1: Why was women's football banned in 1921“, 2014).

Enska knattspyrnusambandinu fannst nauðsynlegt að koma á framfæri þeirri sterku skoðun sinni um það að knattspyrna hentaði ekki konum og að ekki ætti að ýta undir hana (UEFA, 2014). Þann 5. desember árið 1921 var öllum félögum sem skráð voru í enska knattspyrnusambandið bannað að lána velli sína til kvenna (Williams, 2013). Á þessum tíma var kvennaknattspyrnan komin á þann stað að óteljandi góðgerðarleikir gætu mögulega farið að breytast í deildakeppnir en vegna enska knattspyrnusambandsins gátu kvennafélög ekki lengur fundið völl eða dómara (UEFA, 2014).



## Árin 1922-1964

Þrátt fyrir bannið héldu Dick, Kerr stúlkurnar áfram að spila knattspyrnu og tóku þar með virkan þátt í að þróa undirstöður fyrir knattspyrnu nútímans (Macbeth, 2004). Dick, Kerr stúlkurnar fengu leyfi til þess að spila leiki sína á rúgbý velli. Stuttu eftir bannið, í lok ársins 1921, var enska kvennaknattspyrnusambandið stofnað. Dick, Kerr stúlkurnar tóku ekki þátt í því, en ekki er vitað af hverju. Sambandið kynnti til leiks bikarkeppni sem öll aðildarfélög áttu rétt á að taka þátt í en keppnin var aðeins haldin einu sinni. Sambandið hætti starfsemi stuttu síðar vegna þess hve erfitt það var að finna velli til þess að spila á. Næstu 50 árin reyndist mjög erfitt fyrir konur að spila knattspyrnu vegna bannsins. Það var auðveldara fyrir lið sem höfðu stuðning stórra fyrirtækja líkt og Dick, Kerr stúlkurnar höfðu. Þær áttu ekki í erfiðleikum með að finna völl en mörg önnur lið voru ekki jafn heppin (Newsham, 2014).

Þrátt fyrir erfiðleika annarra liða héldu Dick, Kerr stúlkurnar áfram að spila. Þær tóku aftur á móti frönsku liði sem var á Englandi í heimsókn og þær fóru einnig í ferðalag til Kanada og Bandaríkjana árið 1922 til þess að spila. Stúlkurnar fóru erlendis til þess að spila við önnur kvennalið en þegar þangað var komið komust þær að því að þar voru engin kvennalið svo allir leikir þeirra voru á móti karlaliðum (Newsham, 2014).

Dick, Kerr stúlkurnar héldu áfram að spila fram til ársins 1963 þegar liðið lagðist niður. Frá því að liðið var stofnað og þangað til það lagðist niður spilaði liðið alls 833 leiki, af þeim unnu þær 759 leiki, gerðu 48 jafntefli en töpuðu aðeins 28 leikjum. Þær skoruðu yfir 3500 mörk en fengu aðeins um 500 mörk á sig. Auk þess var liðið fyrsta kvennaliðið til þess að spila í stuttbuxum, spila alþjóðlegan leik, spila með hvítan bolta, vinna 74 leiki í röð, hafa þjálfara sem er kona, fara yfir Atlantshafið í keppnisferð ásamt mun fleiri afrekum. Einnig söfnuðu þær mun meiri pening til góðgerðamála heldur en nokkurt annað knattspyrnufélag í heiminum. Það má því segja að liðið sé eitt best geymda leyndarmál knattspyrnunnar, enda afrekin ófá (Newsham, 2014).

Knattspyrnusamband Evrópu (UEFA) var stofnað í Basel í Sviss þann 15. júní árið 1954. Síðan þá hefur sambandið verið hluti af Alþjóða

knattspyrnusambandinu (FIFA) fyrir hönd Evrópu. Þegar UEFA var stofnað samanstóð sambandið af 31 aðildarfélagi en í dag samanstendur sambandið af 54 félögum (UEFA, e.d.-a).

Árið 1955 var hollenska knattspyrnusamband kvenna stofnað þó svo að Konunglega hollenska knattspyrnusambandið (KNVB) hafi beðið karlafélögin þar í landi að lána kvenfélögum ekki aðstöðu sína. Í Þýskalandi var það sama að gerast, stjórn karlknattspyrnunnar vildi einfaldlega ekki að konur stunduðu knattspyrnu. Í Danmörku spiluðu konur knattspyrnu í kringum 1964, en leikurinn varð meira skipulagður í lok sjöunda áratugarins. Upp úr 1970 var kvennaknattspyrnan farin að líkjast þeirri knattspyrnu sem við þekkjum í dag. Vegna bannsins hafði kvennaknattspyrnan í rauninni horfið af yfirborðinu frá því að góðgerðarleikirnir voru spilaðir í kringum árið 1920 (UEFA, 2014).

#### **Árin 1964-2014**

Eftir árið 1964 fóru að myndast lið í austurhluta Frakklands, til dæmis í Reims. Það sama var að gerast út um alla Evrópu, konur voru að stofna knattspyrnulið. Árið 1971 hvatti evrópska knattspyrnusambandið (UEFA) önnur knattspyrnusambönd til þess að taka ábyrgð á kvennaknattspyrnunni í sínu landi og hvert sambandið á fætur öðru aflétti banninu sem var á kvennaknattspyrnu. Á svipuðum tíma spiluðu Finnland og England til dæmis sína fyrstu kvennalandsleiki og á Ítalíu var kvennaknattspyrnan orðin að nokkurs konar atvinnumennsku (UEFA, 2014).

Í Þýskalandi byrjaði áhugi á kvennaknattspyrnu að kvikna aftur eftir seinni heimstyrjöldina og var byrjað að stofna knattspyrnulið um 1968. Eftir það fór knattspyrna að þróast þar í landi og árið 1979 var fyrst farið að leita eftir bestu leikmönnum og bestu félögum, þrátt fyrir að engar keppnir hefðu verið haldnar ennþá. Það var svo ekki fyrr en í lok níunda áratugarins sem fyrsta efstu deildar keppnin var haldin. Árið 1990 gaf þýska knattspyrnusambandið loksins kvennaknattspyrnu þá viðurkenningu sem hún hafði barist fyrir þar í landi í 21 ár. Þýska landsliðið spilaði sinn fyrsta landsleik árið 1982 en frá þeim tíma hefur

landsliðið verið þekkt sem eitt besta kvennalandslið í heimi og hafa þær unnið ófáar keppnir (Pfister, 2001).

Þó svo að kvennaknattspyrnan hafi vaxið hratt í Evrópu á þessum tíma þurftu konur ennþá að hafa mikið fyrir hlutunum. Norðmaðurinn Karen Espelund, sem var fyrsta konan til þess að gerast meðlimur í framkvæmdastjórn UEFA árið 2002, minnst þess þegar hún var yngri og spilaði knattspyrnu hvað konur áttu erfitt með að fá bókaða velli og að engar alþjóðlegar keppnir voru í boði fyrir þær (UEFA, 2014).

Það var ekki fyrr en á ráðstefnu þann 19. febrúar árið 1980 sem fyrst var staðfest að UEFA myndi halda alþjóðlegar knattspyrnukeppnir fyrir konur. Í fyrstu UEFA keppninni voru 16 kvennalandslið skráð til leiks og fór keppnin fram á árunum 1982-1984. Svíþjóð vann keppnina eftir vítaspyrnukeppni á móti Englandi. Í fyrstu keppninni var hvor hálfleikur 35 mínútur og spilað var með bolta númer fjögur, en í næstu keppni, sem Noregur vann, var hver hálfleikur lengdur um fimm mínútur og bolti númer fimm notaður. Eftir nokkur ár tók meira en helmingur sambanda innan UEFA þátt í keppninni og henni gefinn Evrópumótsstaðall. Þýskaland vann keppnina sem var haldin árið 1991, líkt og allar aðrar keppnir eftir það fyrir utan eina. Árið 1997 breyttist Evrópumót kvenna í átta liða útslitakeppni, sem seinna varð 12 liða úrslitakeppni, með riðlakeppni (UEFA, 2013).

Árið 1991 var fyrsta heimsmeistaramót kvenna í knattspyrnu haldið. Keppnin fór fram í Kína og 12 þjóðir tóku þátt. Bandaríska landsliðið sigraði fyrsta heimsmeistaramótið. Eftir það hefur keppnin verið haldin fjórða hvert ár. Keppnin hefur einu sinni farið fram í Evrópu en það var árið 1995 þegar hún var haldin í Svíþjóð, en það árið unnu Norðmenn. Næsta heimsmeistarakeppni fer fram í Kanada sumarið 2015 þar sem 24 lið mæta til leiks (FIFA, e.d-c).

Knattspyrna var í fyrsta skipti hluti af Ólympíuleikunum árið 1900 þegar leikarnir voru haldnir í París. Frá þeim tíma hefur verið keppt í knattspyrnu á öllum Ólympíuleikum fyrir utan þá sem voru haldnir árið 1932. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1996 að kvennaknattspyrna varð í fyrsta skipti ólympíugrein, en það

árið voru Ólympíuleikarnir haldnir í Atlanta. Bandaríska kvennalandsliðið vann það árið líkt og öll önnur eftir það, fyrir utan árið 2000 þegar Norðmenn höfðu sigur á þeim bandarísku í úrslitaleik leikanna (IOC, e.d.).

Komið var til móts við ungar knattspyrnukonur tímabilið 1997/8 þegar Evrópukeppni kvenna undir 18 ára var haldin. Tímabilið 2001/2 breyttist þessi keppni í átta-liða undir 19 ára keppni og á sama tímabili var fyrsta UEFA bikarkeppnin fyrir félagslið haldin. Síðan þá hefur áhugi á kvennaknattspyrnu farið stígvaxandi en sem dæmi má nefna þá horfðu um 30 þúsund manns á opnunarleik Englands og Finnlands í Evrópukeppninni árið 2005 sem spilaður var í Manchester. UEFA bikarkeppnin varð seinna að Meistaradeild kvenna en meira en 50 þúsund manns mættu á úrslitaleik keppninnar árið 2012 þegar Olympique Lyonnais vann Frankfurt 2-0. Eftir það hefur áhorfendafjöldi aukist til muna og Evrópukeppnin sem haldin var árið 2013 var sú stærsta frá upphafi. Frá og með árinu 2017 mun keppnin verða 16 liða úrslitakeppni (UEFA, 2013).

Tímabilið 2007/8 var fyrsta undir 17 ára landsliðskeppnin haldin á vegum UEFA og tímabilið 2013/14 var keppnin orðin að átta-liða úrslitakeppni með meira en 40 þátttökupjóðum. Í dag er kvennaknattspyrna sú íþrótt sem er hvað mest vaxandi í stærstum hluta Evrópu (UEFA, 2013).

Nokkrum sinnum hefur verið reynt að stofna atvinnumannadeildir fyrir konur en án árangurs. Á Englandi reyndi knattspyrnuliðið Fulham að halda uppi atvinnumannaliði kvenna innan félagsins. Í apríl árið 2000 stofnaði félagið fyrsta atvinnumannalið kvenna í heiminum. Eigandi liðsins sá möguleika í kvennaknattspyrnunni eftir heimsmeistarakeppni kvenna sem haldin var árið 1999 í Bandaríkjunum. Keppnin fékk mikla athygli fjölmiðla og margir áhorfendur fylgdust með henni. Eigandinn gerði ráð fyrir því að önnur félög í Englandi myndu fylgja fordæminu, en svo varð ekki. Liðinu var því breytt aftur í áhugamannalið árið 2003. Enska kvennadeildin hélt því áfram sem áhugamannadeild þar sem keppt var í norður og suður deildum. Mörg af stóru liðunum á Englandi hættu að styðja við kvennaknattspyrnu og sum lið leyfðu kvennaliðunum ekki að nota æfingarsvæðið sitt og búninga (Grainey, 2012).

Í Holland hafa karlaliðin reynt að vinna með kvennaliðunum og tímabilið 2007/8 var Eredivisie Vrouwen, eða úrvalsdeild kvenna, stofnuð af sex stórum karlaliðum þar í landi. Leikmennirnir fengu ekki greitt fyrir að spila í deildinni en fengu greitt fyrir vinnutap og útlagðan kostnað. Deildin er sögð vera skref í rétta átt að breyttu viðhorfi til atvinnumennsku kvenna vegna tengsla hennar við stóru liðin (Grainey, 2012).

Árið 2011 stofnaði enska knattspyrnusambandið hálf-atvinnumannadeild fyrir konur á Englandi. Þau átta lið sem enduðu í efstu sætunum í deildinni héldu áfram að spila um veturinn. Enska knattspyrnusambandið fjárfesti miklum pening í verkefnið, auk þess sem liðin sem tóku þátt fengu greitt fyrir þátttökuna. Félögin fengu leyfi til að greiða að hámarki fjórum leikmönnum laun upp á 31 þúsund dollara fyrir tímabil. Erlendir leikmenn fá auk þess 25 þúsund dollara æfingastyrk frá enska knattspyrnusambandinu. Markmiðið með verkefninu var meðal annars að þróa starfsferil fyrir konur sem spila knattspyrnu, koma í veg fyrir að góðir leikmenn leiti annað og fá lið til þess að byggja upp betri aðstöðu (Grainey, 2012).

## Saga kvennaknattspyrnunnar á Íslandi

### Upphafið

Kvennaknattspyrna var ekki iðkuð á skipulagðan hátt hér á landi fyrr en árið 1970, en knattspyrna var lengst af talin vera drengjaíþrótt. Fyrstu heimildir um kvennaknattspyrnu á Íslandi eru frá árinu 1914 þegar knattspyrnufélagið Hvöt var stofnað á Ísafirði. Fótboltafélag Ísafjarðar hafðu áður verið stofnað en þar gátu einungis drengir verið meðlimir og því ákváðu stúlkurnar í bænum, sem höfðu áhuga á knattspyrnu, að stofna sitt eigið félag. Talið er að nánast allar unglingsstúlkur í bænum hafi verið í félaginu. Stúlkurnar spiluðu að mestu leyti innbyrðis eða við svokölluð „púkafélög“ sem voru staðsett í bænum. Félagið hætti starfsemi eftir tvö til þrjú ár (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Lengi vel þótti knattspyrna ekki við hæfi kvenna, eins og komið hefur fram. Það voru þó ekki bara drengir sem léku sér úti á götum í knattspyrnu heldur voru stúlkur með í þessum leikjum. Engar skipulagðar knattspyrnuæfingar voru þó til fyrir stúlkur fyrr en árið 1915, þegar hópur af stúlkum úr Reykjavík byrjaði að æfa knattspyrnu hjá Víking. Æfingarnar fóru fram á Melavelli undir leiðsögn Axels Andréssonar. Stúlkurnar í hópnum voru margar og samkvæmt einni þeirra þá var mikil alvara hjá þeim í því að stofna fyrsta kvenna knattspyrnulið landsins. Drengirnir biðu fyrir utan völlinn á meðan stúlkurnar æfðu og gerðu þeir óspart grín af þeim. Æfingarnar stóðu ekki yfir nema í 3-4 mánuði en þá voru komnar allskyns sögur á kreik um knattspyrnuíðkun kvenna. Ein þeirra var sú að stúlkur sem iðkuðu knattspyrnu fengju stóra fætur og önnur að þær gætu jafnvel ekki eignast börn í framtíðinni (Ágúst Ingi Jónsson, 1983).

Það fór ekki að bera á miklum áhuga kvenna á knattspyrnu fyrr en undir lok sjöunda áratugarins. Sumarið 1968 var fyrsti knattspyrnuleikurinn háður en þá tókust á handboltastúlkur úr KR og Fram. Heilmikil umgjörð var um leikinn en liðin spiluðu í félagsbúningum sínum og leikurinn fór fram á grasvelli hjá KR. Þann 20. júlí árið 1970 var fyrsti opinberi kvennaleikurinn spilaður á Laugardalsvelli. Þá áttust við lið Keflavíkur og Reykjavíkur en fór leikurinn fram

á undan karlalandsleik Íslands og Noregs. Leikurinn endaði með 1-0 sigri Reykvíkinga en Guðríður Halldórsdóttir úr Fram skoraði eina mark leiksins. Sigrún Ingólfssdóttir dæmdi leikinn, en hún var fyrst íslenskra kvenna til þess að verða sér úti um dómaraáttindi. Leikurinn þótti lofa góðu um frekari kvennaknattspyrnu á Íslandi (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Albert Guðmundsson, sem þá var formaður knattspyrnusambands Íslands (KSÍ), beitti sér mikið fyrir því að fá kvennaknattspyrnuna af stað hér á landi. Á fulltrúaráðsfundi KSÍ, sem haldinn var í október árið 1970, sagði hann að víðs vegar um heiminn væri byrjað að stunda kvennaknattspyrnu og til að dragast ekki aftur úr öðrum þjóðum væri mikilvægt að vera með frá upphafi (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

### **Íslandsmót**

Íslandsmót kvenna í knattspyrnu fór í fyrsta skipti fram innanhúss í Laugardalshöllinni árið 1971. Lið Íþróttabandalags Akraness (ÍA) var fyrsta liðið til þess að verða Íslandsmeistari í kvennaflokki í knattspyrnu en liðið vann Fram 6-1 í úrslitaleik mótsins. Ári seinna var fyrsta utanhúss Íslandsmótið haldið fyrir konur. Leikið var í tveimur riðlum á mótinu en alls tóku átta lið þátt. Lið Fimleikafélags Hafnarfjarðar (FH) og Ármann unnu sína riðla og kepptu þar með til úrslita þar sem FH hafði sigur 2-0. Áhugi kvenna jókst smám saman og á Íslandsmótinu árið 1974 tóku 11 lið þátt. Í flestum félögum voru það handboltastúlkurnar sem héldu knattspyrnunni uppi. Sem dæmi þá voru flestar stúlkurnar í liði FH á þessum tíma bæði í handbolta og knattspyrnu, en lið FH var eitt af bestu liðunum hér á landi á fyrstu árum kvennaknattspyrnunnar (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Næstu ár dró mikið úr þátttöku liða. Árið 1976 voru aðeins fimm lið skráð á Íslandsmótið og þá var í fyrsta skipti spilað í einni deild og leikin var tvöföld umferð. Þetta ár urðu FH stúlkur meistarar þriðja árið í röð eftir mikla baráttu við Breiðablik en Breiðablik átti eftir að verða stórveldi á næstu árum. Árin á eftir voru þátttökuliðin í deildinni í kringum fjögur eða fimm en árið 1980 voru aðeins

þrjú lið eftir, Valur, FH og Breiðablik. Það ár vann Breiðablik deildina í þriðja sinn á fjórum árum. Á þessum árum áttu stúlkurnar erfitt með að fá fullan aðgang að grasvöllunum og hentuga æfingátíma og var þátttaka kvenna ekki tekin alvarlega. Uppbygging kvennaknattspyrnunnar var lítil þar sem yngri flokkar voru ekki til staðar (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Árið 1981 hófst endurreisn kvennaknattspyrnunnar. Fimm lið bættust við á Íslandsmótið frá því árinu áður og voru þrjú af þeim liðum að leika í fyrsta skipti með kvennalið. Sama ár var fyrsta bikarkeppni kvenna haldin og sigraði Breiðablik bæði mótin. Þetta ár setti Ásta B. Gunnlaugsdóttir markamet þegar hún skoraði 32 mörk fyrir Breiðablik (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997). Markamet Ástu stóð í 25 ár eða þangað til að Margrét Lára Viðarsdóttir sló það árið 2006, þegar hún skoraði 34 mörk í deildinni (KSÍ, 2006). Ári seinna setti Margrét Lára nýtt markamet en þá skoraði hún alls 38 mörk (KSÍ, 2007).

Árið 1982 fjölgaði liðunum enn frekar og stofnuð var önnur deild kvenna. Þá fyrst komu lið frá landsbyggðinni til sögunnar og sem dæmi má nefna lið Þórs frá Akureyri og Knattspyrnufélag Akureyrar (KA), en áður höfðu einungis lið frá suðvesturhorninu tekið þátt. Útbreiðsla kvennaknattspyrnunnar hélt áfram og ári seinna tóku tvö lið frá Austurlandi þátt í annarri deild, Höttur frá Egilstöðum og Súlan frá Stöðvafirði (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Árið 1984 var keppnisfyrirkomulaginu breytt en þá tóku 22 lið þátt í mótinu. Liðum í fyrstu deildinni var þá fjölgað í tíu og var þeim skipt niður í tvo riðla til þess að minnka ferðakostnað. Riðlarnir voru þannig skipaðir að lið frá Norður- og Austurlandi skipuðu annan riðilinn og lið frá Suðurlandi hinn riðilinn. Ári seinna var hins vegar breytt aftur í gamla skipulagið þar sem liðum var ekki var skipt niður í riðla, og hefur það skipulag haldið sér (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Árið 1986 tóku 19 lið þátt í mótinu og af þeim tóku sjö lið þátt í fyrstu deild. Valsstúlkur höfðu mikla yfirburði á þessum tíma og á árunum 1986-1989 unnu þær öll Íslandsmótin fyrir utan árið 1987 þegar þær höfnuðu í öðru sæti. Tvö tímabil í röð, tímabilin 1988 og 1989, töpuðu þær ekki leik í deildinni. Einungis



níu lið tóku þátt á Íslandsmóttinu árið 1989, þar af tvö í annarri deild, og virtist áhuginn því fara minnkandi. Næsta ár fjölgaði hins vegar liðum í annarri deild úr tveimur í 14 en sjö lið frá Austfjörðum tóku þátt í fyrsta skipti (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Eftir margra ára bið komst Breiðablik aftur á toppinn árið 1990 og unnu þær Íslandsmótið það ár. Árið 1993 urðu KR-ingar svo Íslandsmeistarar í fyrsta skipti en sigur þeirra var nokkuð sannfærandi þar sem þær töpuðu ekki neinum leik. Ári seinna tók Breiðablik aftur völdin og unnu þær deildina næstu þrjú árin. Árið 1996 höfðu þær algjöra yfirburði þegar þær unnu alla sína leiki það árið og þar með öll mót sem hægt var að vinna. Breiðablik var svo fyrsta íslenska kvennaliðið til þess að taka þátt í alþjóðlegri keppni þegar þær tóku þátt í Norðurlandamóti meistaraliða árið 1995 (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson, 1997).

Margar konur hafa á síðustu árum farið erlendis til þess að spila knattspyrnu. Fyrstu íslensku konunum var boðið að fara erlendis að spila árið 1982 hjá sænsku fyrstu deildar liði. Það voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir og Rósa Valdimarsdóttir en þær höfðu vakið mikla athygli með góðri frammistöðu með landsliðinu (Sigurður Sverrisson og Víðir Sigurðsson, 1982). Árið 2009 fóru margar konur erlendis til þess að spila en að minnsta kosti 12 landsliðkonur spiluðu erlendis á því ári. Flestar þeirra í sænsku úrvalsdeildinni sem er talin af mörgum ein sterkasta kvennadeildin í heimi (Víðir Sigurðsson, 2009).

### **Bikarkeppni**

Haustið 1980 á ársþingi KSÍ var sett á stókk nefnd um knattspyrnu kvenna. Í janúar árið 1981 gekkst nefndin fyrir ráðstefnu en á henni færði Guttormur Sigurbjörnsson, sem var á þeim tíma formaður Breiðabliks, KSÍ bikar að gjöf frá félaginu og bikarnum fylgdi áskorun um að stofna bikarkeppni kvenna. Strax næsta sumar varð þessi áskorun að veruleika (Skapti Hallgrímsson, 2009).

Fyrsta bikarkeppnin í kvennaflokki var sem sagt haldin árið 1981. Í úrslitum tóku stúlkurnar í Breiðablik á móti Val. Þetta voru tvö bestu kvennaliðin á Íslandi á þessum tíma. Leikurinn fór fram á Kaplakrikavelli í Hafnafirði en leikurinn

endaði með öruggum sigri Breiðabliks 4-0. Það voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir og fyrirliðinn Rósa Áslaug sem skorðu sitt hvor tvö mörkin en þær höfðu verið aðalmenn liðsins allt sumarið. Það var vel við hæfi að Rósa Áslaug tæki við bikarnum en faðir hennar Valdimar Kr. Valdimarsson átti þá hugmynd að færa KSÍ bikarinn á ráðstefnunni fyrr á árinu (Skapti Hallgrímsson, 2009).

Breiðablik sigraði bikarkeppnina fyrstu þrjú árin. Árið 1982 tóku þær í annað sinn á móti Val í úrslitum. Leikurinn fór fram í Laugardalnum á Hallarflötinni en völlumurinn þótti í slæmu ástandi. Leikurinn hófst einnig klukkustund of seint því enginn dómari mætti til leiks. Leikurinn var jafn að venjulegum leiktíma loknum og í framlengingunni var ekkert skorað, úrslitin réðust því í vítaspyrnukeppni. Vítaspyrnukeppnin var einnig jöfn svo það þurfti bráðabana til að knýja fram úrslit. Í stöðunni 6-6 var komið að markverði Vals, Sigrúnu Birnu Norðfjörð sem þá var 16 ára, til þess að taka næstu spyrnu. Boltinn fór hins vegar til hliðar og beint í dómara leiksins. Ekki er nákvæmlega vitað hvers vegna en Sigrún Birna fékk annað tækifæri til þess að taka spyrnuna en skotið fór yfir markið. Breiðablik skoraði svo úr sinni síðustu spyrnu og fögnuðu öðrum bikarsigi sínum. Árið 1983 mættust Breiðablik ogÍA í úrslitum en leikurinn endaði með 3-1 sigri Breiðabliks. (Skapti Hallgrímsson, 2009).

Eftir að Breiðablik hafði unnið bikarinn fyrstu þrjú árin var komið að Valsstúlkum, en þær sigruðu keppnina næstu fimm árin. Þó svo að Valsliðið hafi verið sterkt þá var baráttan oft hörð, sérstaklega við lið ÍA. Liðin tvö mættust í úrslitaleik bikarkeppninnar fjórum sinnum á þessum fimm árum. Árið 1984 var úrslitaleikurinn sýndur í beinni útsendingu, hjá Ríkissjónvarpinu, í fyrsta sinn. Þá léku Breiðablik og Valur til úrslita en leikurinn endaði með 2-0 sigri Valsstúlkna. Sumarið 1988 var úrslitaleikurinn í fyrsta sinn leikinn á aðal leikvanginum í Laugardal en leikmenn Vals höfðu tekið sig til og sent skriflegt bréf til vallarstjóra Laugardalsvallar með ósk um að leikurinn yrði spilaður á aðal vellinum. Árið 1989 náði ÍA loks að sigra bikarkeppnina í fyrsta sinn með 3-1 sigri á Þór (Skapti Hallgrímsson, 2009).

Á tíunda áratugnum tóku svo lið ÍA og Breiðabliks völdin. Bæði liðin sigruðu keppnina þrjú ár í röð, ÍA árin 1991-1993 og Breiðablik árin 1996-1998. Auk þess

sigraði Breiðablik keppnina árið 1994 en það árið fékk liðið ekki eitt einasta mark á sig. Þær endurtóku svo leikinn aftur árið 1996 þegar þær fengu ekki á sig eitt mark í allri bikarkeppninni. Árið 1999 sigruðu KR-ingar bikarkeppnina í fyrsta skipti en sama ár fagnaði félagið aldarafmæli sínu. KR-ingar hefðu ekki geta haldið upp á afmælið á betri hátt en bæði karla og kvenna lið félagsins urðu Íslands- og bikarmeistarar það árið (Skapti Hallgrímsson, 2009).

Eftir aldarmót hafa þrjú lið skipts á að vinna flest alla titlana. Bæði Blikar og KR-ingar hafa unnið titilinn þrisvar eftir aldarmót en Valskonur hafa hins vegar sigrað keppnina sex sinnum eftir aldarmót (Skapti Hallgrímsson, 2009, KSÍ, e.d-a).

### **Íslenska landsliðið**

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu lék sinn fyrsta landsleik þann 29. september árið 1981. Leikið var á móti kvennalandsliði Skota og fór leikurinn fram í borginni Kilmaranock í Skotlandi. Leikurinn endaði með 3-2 sigri Skota en mörk Íslands skoruðu Bryndís Einarsdóttir og Ásta B. Gunnlaugsdóttir (KSÍ, e.d.-b). Sigurður Hannesson og Guðmundur Þórðarson voru fyrstu þjálfarar kvennalandsliðsins. Árið 1983 var Guðmundur svo einn með liðið en árið 1985 stjórnaði Sigurbergur Sigsteinsson því (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Landsliðið tók þátt í sínu fyrsta Evrópumóti árið 1982 og lenti liðið í riðli með Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Leikirnir fóru fram árin 1982 og 1983 og spiluðu stúlkurnar heimaleiki sína á Kópavogsvelli. Fyrsti leikurinn í riðlinum var útileikur á móti Noregi og endaði leikurinn með 2-2 jafntefli. Þetta var eina stig Íslands í riðlinum þar sem allir hinir leikirnir töpuðust (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Á árunum 1985-1987 voru leiknir nokkrir vináttulandsleikir en ekki voru svo fleiri kvenna knattspyrnuleikir leiknir fyrr en árið 1992 (KSÍ, e.d.-c). Íslenska landsliðið lék þá aftur í Evrópukeppni eftir níu ára hlé. Í keppninni spilaði landsliðið einnig sinn fyrsta leik eftir fimm ára hlé. Stúlkurnar lentu í riðli með Englendingum og Skotum. Leikirnir á móti Englendingum töpuðust báðir en

stúlkurnar gerðu 0-0 jafntefli við Skota í fyrri leik liðana. Fyrsti sigur í Evrópukeppni var þann 22. júní árið 1992 þegar stúlkurnar lögðu Skota af velli með tveimur mörkum gegn einu. Leikurinn fór fram á Akranesi og voru það Halldóra Gylfadóttir og Ásta B. Gunnlaugsdóttir sem skoruðu mörk Íslands. Íslenska liðið hafnaði með þessum úrslitum í öðru sæti riðilsins (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Árið 1993 tók landsliðið aftur þátt í Evrópukeppni og vann liðið óvæntan 2-1 sigur á Hollendingum í fyrsta leiknum í riðlinum. Þessi sigur var upphaf sigurgöngu sem stóð fram til ársins 1994. Ísland tryggði sér sigur í riðlinum með fullt hús stiga og tryggði sér þar með sæti í átta liða úrslitum keppinnar. Þetta voru úrslit sem ekki margir höfðu reiknað með en úrslitin sýndu að kvennaknattspyrna á Íslandi hafði tekið miklum framförum. Mikið var í húfi en íslensku stúlkurnar gátu ekki aðeins komist í undanúrslit Evrópukeppinnar heldur gátu þær einnig unnið sér inn þátttökurétt í úrslitakeppni fyrir heimsmeistaramótið. Ísland spilaði á móti Englandi í átta liða úrslitunum en liðið tapaði naumlega báðum leikjunum. Eftir keppnina var Evrópuþjóðum skipt niður í A og B styrkleikaflokka. Lið Íslands lenti í A-flokki en í þeim flokki eru 16 bestu landslið Evrópu og fá þau rétt til að spila um Evrópumeistaratitil riðilsins (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997).

Árið 1997 tóku íslensku stúlkurnar í fyrst skipti þátt í undankeppni heimsmeistaramótsins. Stúlkurnar gerðu tvö jafntefli, unnu einn leik og töpuðu þrem leikjum í keppninni. Þær enduðu í þriðja sæti riðilsins og komust því ekki í lokakeppnina (KSÍ, 1998).

Árið 2009 var íslenska kvennalandsliðið fyrsta A-landslið Íslands til þess að leika í úrslitakeppni stórmóts í knattspyrnu þegar liðið spilaði á Evrópumótinu sem var haldið í Finnlandi í lok ágúst það ár (KSÍ, 2008). Liðið lenti í B-riðli ásamt Frökkum, Þjóðverjum og Norðmönnum. Fyrsti leikur liðsins, sem var á móti Frökkum, endaði með 3-1 tapi og næstu leikir sem voru á móti Noregi og Þýskalandi enduðu með 1-0 tapi íslenska liðsins. Liðið komst því ekki upp úr sínum riðli. Stuttu eftir Evrópumótið, þann 17. september, gerðu stúlkurnar sér

lítið fyrir og unnu sinn stærsta sigur í A-landsleik frá upphafi. Leikurinn var gegn Eistlandi og endaði 12-0 fyrir Íslandi. (Víðir Sigurðsson, 2009).

Árið 2013 jafnaði íslenska kvennalandsliðið sinn besta árangur með því að spila aftur í átta-liða úrslitum Evrópukeppninnar sem fór fram í Svíþjóð það árið (Víðir Sigurðsson, 2013). Í fyrsta leiknum í riðlinum náðu stúlkurnar í sitt fyrsta stig í lokakeppni Evrópumótsins þegar þær gerðu 1-1 jafntefli við Norðmenn. Íslenska liðið tapaði næsta leik í riðlinum sem var á móti Þýskalandi en gerði sér svo lítið fyrir og vann sinn fyrsta sigur í undankeppni í næsta leik. Sigurinn var á móti Hollandi en leikurinn endaði 1-0. Í átta-liða úrslitunum spiluðu stúlkurnar gegn gestgjöfunum frá Svíþjóð en leikurinn tapaðist 4-0 (Víðir Sigurðsson, 2013).

Ísland hefur á síðustu árum náð góðri stöðu innan kvennaknattspyrnunnar á alþjóðlegum vettvangi. Umgjörð og aðstæður sem stúlkur hafa hér á landi er betri en hjá flestum öðrum Evrópuþjóðum og er umfjöllun fjölmiðla um kvennaknattspyrnu meiri á Íslandi en þekkist víða annars staðar. Einnig hafa yngri landsliðin sterka stöðu á evrópskum mælikvarða (Víðir Sigurðsson, 2009) og A-landsliðið er á meðal 20 bestu landsliða í heimi (FIFA, 2015). Á síðustu árum hefur uppbyggingastarf verið mikið hér á landi, yngri flokkar hafa verið stofnaðir og hæfari þjálfarar með menntun hafa verið að koma meira og meira inn í starfið. Einnig heldur KSÍ úti yngri landsliðum en það er mikilvægt svo að ungir iðkendur hafi að einhverju að stefna (Skapti Örn Ólafsson, 2001).


## Vöxtur og þróun kvennknattspyrnunnar

Vöxtur kvennknattspyrnunnar hefur verið mikill á síðustu árum. Þó svo að kvenkyns leikmönnum hafi fjölgað eru konur enn í miklum minnihluta en aðeins um 7% skráðra knattspyrnuleikmanna eru kvenkyns. Engin þjóð er með fleiri skráðar konur í knattspyrnu heldur en karla, en fjögur lönd staðfesta að meira en 20% leikmanna sinna séu kvenkyns. Þessi lönd eru Ísland, Danmörk, Svíþjóð og Færeyjar (UEFA, 2015).

Skráðum kvenkyns leikmönnum sem eru undir 18 ára aldri hefur einnig fjölgað talsvert á síðustu árum. Tímabilið 2014/15 voru meira en 750 þúsund stúlkur í Evrópu skráðar í knattspyrnu. Það kemur þó ekki mikið á óvart að skráðir drengir eru mun fleiri eða um 92% af skráðum leikmönnum undir 18 ára. Samkvæmt tölfræði eru stúlkur hins vegar á milli 20-30% skráðra leikmanna í átta löndum, þessi lönd eru; Ísland, Svíþjóð, Danmörk, Finnland, Færeyjar, Azerbaidjan, Ungverjaland og Lichtenstein. Á þessum tölum sést að hluti skráðra stúlkna á norðurlöndunum er frekar hátt miðað við aðrar þjóðir (UEFA, 2015).

Í mörgum löndum er boðið upp á blandaða knattspyrnu, það er þegar drengir og stúlkur spila saman í liði. Þetta er gert í löndum þar sem lítið af tækifærum eru fyrir stúlkur vegna þess hve fá stúlkur lið eru í landinu en 32 þjóðir innan UEFA bjóða upp á þennan valkost á mismunandi aldursstigum. Í Evrópu eru 387 deildir þar sem stúlkur geta spilað knattspyrnu, 218 sem eru aðeins fyrir stúlkur og 169 sem er fyrir blandaða knattspyrnu (UEFA, 2015).


Ungum leikmönnum heldur áfram að fjölga en einnig leikmönnum sem eru eldri en 18 ára. Á mynd eitt má sjá fjölgun skráðra kvenkyns leikmanna frá árinu 1985 til ársins 2014/15. Á þessum árum fjölgaði skráðum leikmönnum fimmfalt en árið 1985 voru skráðir leikmenn um 200 þúsund en árið 2014 voru skráðir leikmenn um 1200 þúsund. Einnig fjölgaði skráðum leikmönnum um fjögur prósent frá tímabilinu 2013/14 til tímabilsins 2014/15 (UEFA, 2015).



**Mynd 1.** Skráðir kvenkyns leikmenn á árunum 1985-2015 (UEFA, 2015)


Í dag er kvennaknattspyrna þekkt um allan heim og fleiri konur stunda knattspyrnu heldur en nokkru sinnum fyrr. Þetta hefur leitt til þess að stuðningsmönnum hefur einnig fjölgað til muna. Heimsmeistaramót kvenna árið 2011, sem fór fram í Þýskalandi, var til dæmis sjónvarpað í 181 landi og voru áhorfendur leikjanna um 407,8 milljónir á heimsvísu. Um 63 milljónir áhorfenda horfðu á úrslitaleikinn í sjónvarpinu (FIFA, e.d.-a).

Líkt og má sjá á mynd 2 þá hefur A-landsleikjum kvenna fjölgað til muna á árunum 1995 til ársins 2011. Árið 1996 fór 201 landsleikur fram á heimsvísu en árið 2011 voru leikirnir orðnir 501. Árið 2010 var leikinn met fjöldi landsleikja eða 514 (FIFA, e.d.-d). Það hversu margir landsleikir eru spilaðir fer mikið eftir því í hvaða keppnum er leikið það árið og hversu margir vináttulandsleikir eru spilaðir. Af þeim sex aðildarfélögum (UEFA, AFC, OFC, CONCACAF, CAF og CONMEBOL) sem skráð eru í FIFA leika lið sem skráð eru í UEFA lang flesta þessara leikja. Til dæmis á met árinu 2010 léku lið frá Evrópu 173 af þeim 514 leikjum sem voru spilaðir (FIFA, 2013).



**Mynd 2.** A-landsleikir kvenna á árunum 1995-2011 (FIFA, e.d.-d)

Landsleikjum hefur ekki aðeins fjölgað heldur hefur fjöldi virkra landsliða aukist á árunum 1995-2011 eins og sést á mynd 3. Árið 1995 var 61 virkt landslið skráð hjá FIFA en árið 2011 voru þau orðin 129 (FIFA, e.d.-d). FIFA gefur reglulega út styrkleikalista þar sem öllum skráðum landsliðum er raðað eftir styrkleika, það er það lið sem talið er hafa náð bestum árangri á þeim tíma er sett efst og svo koll af kolli. Á styrkleikalistanum, sem gefin var út í mars árið 2015, var þýska landsliðið í efsta sæti listans og íslenska landsliðið var í 20. sæti. Þjóðir frá Evrópu eru í miklum meirihluta á efri hluta listans en af 20 efstu liðunum eru 11 þjóðir frá Evrópu (FIFA, 2015).



**Mynd 3.** Fjöldi virkra A-landsliða á árunum 1995-2011 (FIFA, e.d.-d)



UEFA hefur skuldbundið sig til að standa að þróun og uppbyggingu kvennaknattspyrnunnar hjá öllum 54 aðildarfélögum sínum. Þróunaráætlun UEFA var sett á laggirnar til þess að styðja við þessar miklu framfarir í kvennaknattspyrnu. Meginmarkmið hennar er að gefa stúlkum og konum sem vilja spila knattspyrnu á sínum heimaslóðum næg tækifæri til þess án tillits til kunnáttu og hæfileika, það er að segja bjóða þeim upp á öruggt umhverfi til þess að spila á eigin forsendum (UEFA, e.d.-b).

Í desember árið 2010 sýndi framkvæmdarnefnd UEFA fram á jákvæðar niðurstöður í tengslum við þróun kvennaknattspyrnunnar í gegnum HatTrick áætlunina. Í tilraunarskygni fengu knattspyrnusambönd fjögurra þjóða (Ítalíu, Portúgals, Slóvakíu og Írlands) styrk tímabilið 2010/11 sem var sérstaklega ætlaður þróun kvennaknattspyrnunnar. Niðurstöðurnar urðu jákvæðar á stuttum tíma en á Írlandi var til dæmis var sett á stökk deildarkeppni fyrir konur í október árið 2011. Næsta tímabil var HatTrick áætlunin endurtekin vegna þess hve vel tókst til árið á undan og þá urðu niðurstöðurnar þær sömu. Í annarri tilraun sem gerð var í október 2011 gátu öll aðildarfélög UEFA sótt um styrk í sjóðinn. Vegna góðs gengis mun HatTrick áætlunin halda áfram að hlúa að þróun kvennaknattspyrnunnar og hefur áætlunin verið í gangi síðan í júlí 2012 og verður starfandi lágmark fram í júlí 2016 (UEFA, e.d.-b).

## **Hindranir**

Þrátt fyrir jákvæða þróun kvennaknattspyrnunnar þá eru enn þann dag í dag hindranir sem hægja á eða koma í veg fyrir framfarir. Þær hindranir sem konur þurfa að yfirstíga til þess að spila knattspyrnu fara eftir heimshluta, landi og menningu og eru hindranirnar margvíslegar (Pfister, 2015).

## **Fjölmiðlar**

Það hlutverk sem fjölmiðlar spila í því að móta viðhorf og mynda skoðanir hefur lengi verið þekkt. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á það að konur fái ekki mikla umfjöllun í fjölmiðlum og þá staðreynd að þegar konum er veitt umfjöllun, þá er verið að ýta undir þær staðalmyndir sem eru í samfélaginu. Rannsóknir sem tengjast íþróttum kvenna hafa einnig sýnt fram á sömu niðurstöður. Þegar fjallað er um íþróttir kvenna í fjölmiðlum er oft gert lítið úr afrekum þeirra og áhersla lögð á eitthvað annað (Harris, 1999). Stór hluti íþróttafréttu og greina í slúðurlöðum sem fjalla um íþróttakonur snúast til dæmis að miklu leiti um útlit þeirra frekar en getu í íþróttinni sem þær stunda (Harris, 2005).

Rannsóknir sem gerðar voru í Bretlandi sýna fram á að umfjöllun fjölmiðla sem tengjast íþróttum kvenna eru aðeins um 0,5% til 5% af öllum íþróttafréttum. Fjölmiðlar hafa stór áhrif á vinsældir íþróttu. Margar stúlkur tala um að það séu engar sjáanlegar fyrirmyndir sem þær geti lítið upp til, þær sjá í flestum tilvikum aðeins karlmenn spila þá íþrótt sem þær iðka (Harris, 1999). Það að alast upp við það að sjá umfjöllun um karlaknattspyrnu í fjölmiðlum gerir það að sjálfsögðum hlut á meðan sú litla umfjöllun um kvennaknattspyrnu verður ákveðið frávík í umfjöllun fjölmiðla (Pfister, 2015).

Fjölmiðlar eru stór hindrun fyrir þá sem leitast eftir því að koma kvennaknattspyrnu á framfæri þar sem fjölmiðlar leggja línurnar um það hvað þeir fjalla um hverju sinni. Kvennaknattspyrna spilar lítið hlutverk í umfjöllun fjölmiðla þrátt fyrir að fjöldi leikmanna hafi aukist til muna. Rannsókn sem framkvæmd var sýndi fram á að fjölmiðlar hafa lítinn sem engan áhuga á kvennaknattspyrnu deildum, hvorki leikmönnum né leikjunum sjálfum. Aðal umfjöllunarefni fjölmiðla í tengslum við kvennaknattspyrnu viðrist vera útlit

leikmanna. Í Skandinavíu þar sem stór prósentu af stúlkum spilar knattspyrnu í yngri flokkum er það aðeins í Svíþjóð þar sem leikir í efstu deildinni fá viðeigandi fjölmiðlaumfjöllun (Pfister, 2015).

### **Tengsl við karlknattspyrnu**

Margir virðast halda því fram að íþróttir, og þá um leið knattspyrna, séu einungis fyrir karlmenn (Harris, 1999). Knattspyrna er ein vinsælasta íþrótt í heimi og hefur íþróttin gríðarleg áhrif á fjárhags og menningaleg gildi og er öflugt tól sem lýsir einstaklingum og þeirri þjóðinni sem þau búa í (Scraton, Fasting, Pfister og Bunuel, 1999). Í gegnum tíðina hefur verið litið á knattspyrnu sem karlmannsíþrótt og álitnið óviðeigandi fyrir konur að stunda hana. Á mörgum stöðum í heiminum, þar með talið í Evrópu, er knattspyrna talin karlmannleg íþrótt enn þann dag í dag, þrátt fyrir að margar konur komi að knattspyrnu, bæði sem leikmenn og sem aðdáendur (Mean, 2001).

Í mörgum löndum í Evrópu er knattspyrna sú íþróttgrein sem er í hvað mestum vexti hjá konum, en samt sem áður hafa karlmenn mest áhrif á knattspyrnu og hefur íþróttinni mestmegnis verið stjórnað af karlmönnum í gegnum tíðina (Scraton o.fl, 1999). Þrátt fyrir það að stúlkur og konur hafi fengið tækifæri til þess að spila í mörgum löndum þá fá kvenkyns leikmenn ekki sama orðstír og sömu aðstöðu og karlkyns leikmenn fá (Pfister, 2015). Aðstaða er yfirleitt verri og fjármagn minna hjá konum og það hefur verið sýnt fram á það að þróun kvennaknattspyrnunnar hefur þurft að reiða sig á samvinnu við karlknattspyrnuna til þess að komast af (Scraton o.fl, 1999).

Stór hindrun í þróun kvennaknattspyrnunnar í dag er tenging hennar við karlknattspyrnu en hún inniheldur ákveðnar staðalímyndir karlmennsku sem ríkja í hinum vestræna heimi. Til þess að komast af í knattspyrnuheiminum hafa konur í mörgum tilfellum þurft að skilgreina sig sem andstæðuna við kvenlegt (Macbeth, 2004). Í rannsókn sem Scraton o.fl (1999) framkvæmdu rétt fyrir aldamót voru tekin viðtöl við tíu knattspyrnukonur. Lýstu konurnar sér allar sem einhverju öðru en kvenlegu þegar þær töluðu um barnæsku sína. Flestar lýstu sér

sem strákastelpu og fannst þeim nauðsynlegt að skilgreina sig á þennan hátt til þess að komast inn í heim knattspyrnunnar.

Þessi tenging knattspyrnunnar við karlmennsku er mögulega ástæðan fyrir því að íþróttin hefur verið stimpluð sem karlaíþrótt. Menn sem stunda knattspyrnu þykja vera harðir af sér, sérstaklega í breskri knattspyrnumenningu og í þeim löndum þar sem bresk knattspyrna hefur haft áhrif á leikinn, til dæmis í Noregi. Þessi karlmannlegu gildi eru talin vera ríkjandi og hafa rætur sínar að rekja til ensku verkalýðsstéttarinnar frá seinni hluta 19. aldar. Á síðustu tveimur áratugum hefur þessum gildum verið ögrað til dæmis með auglýsingavæðingu. Þrátt fyrir það er knattspyrna enn þann dag í dag tengd að einhverjum hluta við fyrrnefnda karlmennsku, sem gerir konum erfitt fyrir að öðlast viðurkenningu í knattspyrnuheiminum (Hjelseth og Hovden, 2014).

### **Peningar**

Fáar konur í Evrópu geta þénað nægilega mikið sem knattspyrnuleikmenn til þess að geta séð fyrir sér. Aukavinna tengd knattspyrnu eins og þjálfun eða sjúkraþjálfun til dæmis getur þó hjálpað konum að auka knattspyrnutengdar tekjur sínar. Samt sem áður er ekki hægt að líkja knattspyrnutengdum tekjum kvenleikmanna við þá samninga sem karlar sem spila í ensku úrvalsdeildinni eða Seríu A á Ítalíu eru að fá (Williams, 2013).

Í Noregi er knattspyrna vinsælasta íþróttagreinin, bæði hjá konum og körlum. Norska kvendandsliðið hefur unnið Evrópumótið tvisvar sinnum, heimsmeistaramótið einu sinni og eina gullmedalíu á Ólympíuleikunum. Karlaliðið hefur hins vegar aðeins náð að komast inn á heimsmeistaramótið tvisvar sinnum eftir seinni heimstyrjöldina. Það fer því ekki á milli mála að kvendandsliðið hefur náð mun betri árangri. Þrátt fyrir það er kvendandsliðið metin minna fjárhagslega, bæði hvað varðar tekjur frá styrktaraðilum og bónusum sem eru greiddir af knattspyrnusambandinu (Hjelseth og Hovden, 2014).

### **Stimplun samkynhneigðar**

Lengi vel hefur vandamál í sambandi við kynhneigð verið áhyggjuefni margra kvenna sem stunda knattspyrnu, án tillits til kynhneigðar þeirra. Tenging kynhneigðar við knattspyrnu kemur til vegna tengingar íþróttarinnar við karlmennsku en samkynhneigðar konur eru oft álitnar vera karlmannslegar í útliti. Konur sem stunda knattspyrnu virðast oft vera stimplaðar samkynhneigðar og þær konur sem eru gagnkynhneigðar hafa þá tilhneigingu til að vilja sýna fram á það. Þessi vandamál í sambandi við kynhneigð virðast hafa áhrif á konur sem að spila eða vilja spila (Caudwell, 1999).

Mörgum konum finnst þetta óþægilegt og það veldur kvíða hjá þeim. Í sumum tilvikum þola konur ekki þessi tengsl sem virðast vera á milli knattspyrnu og kynhneigðar. Ástæðan fyrir því er sú að lengi vel þótti eðlilegra að vera gagnkynhneigður og það að vera samkynhneigður þótti öðruvísi (Caudwell, 1999). Dæmi eru um að leikmenn hafi hætt í knattspyrnu eftir að hafa verið stimplaðar samkynhneigðar. Rannsóknir hafa sýnt að þegar fólk er beðið um að lýsa stúlkum sem spila knattspyrnu, þá virðist álit margra vera að þær séu samkynhneigðar vegna þess hve íþróttalega vaxnar þær eru (Harris, 2005).

## Lokaorð

Í þessari ritgerð var saga og þróun kvennaknattspyrnunnar í Evrópu og á Íslandi skoðuð. Á síðustu árum hefur kvennaknattspyrnan vaxið hratt en leiðin af þessum árangri hefur verið löng og á köflum erfið líkt og komið hefur fram í þessari ritgerð. Kvennaknattspyrnan hefur gengið í gegnum margt í gegnum tíðina, frá því að vera bönnuð í rúm 50 ár (Williams, 2013) og yfir í það að vera vinsælasta íþróttin sem konur stunda í Evrópu (ECA Women's Football Committee, 2014). Ástæðan fyrir þessari jákvæðu þróun er mjög líklega gott uppbyggingarstarf sem hefur verið í gangi um alla Evrópu, en UEFA hefur til dæmis haldið úti þróunaráætlun sem aðstoðar aðildarfélög við það að byggja upp kvennaknattspyrnu í heimalandinu (UEFA, e.d.-b).

Þegar saga kvennaknattspyrnunnar er skoðuð kemur á óvart hversu löng hún er í raun og veru, en fyrstu merki þess að konur spiluðu leiki í líkingu við knattspyrnu eru talin vera frá 12. öld (Tate, 2013). Þó svo að sagan sé löng þá getur verið erfitt að finna heimildir um kvennaknattspyrnu vegna þess að hún hefur þurft að vera í felum um langt skeið og var knattspyrna lengi vel talin óviðeigandi fyrir konur (Mean, 2001).

Upphaf þeirra kvennaknattspyrnu sem við þekkjum í dag má rekja til Bretlands þar sem Dick, Kerr stúlkurnar voru atkvæðamestar. Fram að banninu spiluðu þær marga góðgerðaleiki, drógu að marga áhorfendur og þrátt fyrir bannið héldu stúlkurnar áfram að spila (Tate, 2013). Fyrstu heimildir um knattspyrnuíðkun kvenna hér á Íslandi eru frá árinu 1914 en íþróttin var ekki leikin á skipulagðan hátt fyrr en í kringum árið 1970 þegar Íslandsmótið hófst (Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðþjófsson, 1997). Ástæðan fyrir því er mjög líklega sú að kvennaknattspyrna var bönnuð um mest alla Evrópu fram að því og því lítið um alþjóðlegar keppnir.

Alþjóðlegar keppnir voru ekki í boði fyrir konur fyrr en seint á 20. öld þegar fyrsta Evrópumótið fór fram. Frá þeim tíma hefur alþjóðlegum keppnum fjölgað til muna og fjöldi þeirra landsliða sem skrá sig til leiks fjölgar með hverju árinu. UEFA hefur einnig sett á stökk keppnir fyrir yngri landslið og er framtíðin því

þjórt fyrir ungar knattspyrnukonur (UEFA, 2013). Vegna fjölgunar í keppnum hafa ungar knattspyrnukonur nú að einhverju að stefna í framtíðinni.

Kvennaknattspyrnan hefur yfirstigið margar hindranir í gegnum árin en það kom höfundi töluvert á óvart að enn í dag eru margar þeirra enn til staðar (Pfister, 2015) líkt og áður hefur komið fram. Ekki var mikið til af heimildum um hindranir kvennaknattspyrnu og eru þær heimildir sem notast var við mis gamlar. Það er því erfitt að yfirfæra margar þær heimildir til dagsins í dag og á milli landa. Engar heimildir fundust um hindranir kvennaknattspyrnunnar á Íslandi en fróðlegt hefði verið að skoða það.

Áhugi á kvennaknattspyrnu er lítill hjá fjölmiðlum (Pfister, 2015) og hefur kvennaknattspyrnan lengi vel verið tengd við karlmennsku (Mean, 2001) og ákveðnar staðalímyndir sem hefur hindrað þróunina töluvert (Hjelseth og Hovden, 2014). Til þess að áframhaldandi jákvæð þróun verði þarf að verða hugafarsbreyting hjá öllum aðilum. Ekki er nóg að hugafarsbreyting verði einungis hjá leikmönnum heldur þurfa stjórnarmenn íþróttarinnar og fjölmiðlar að taka höndum saman og vinna markvisst að uppbyggingu og jákvæðri ímynd kvennaknattspyrnunnar.

Því meira sem þessar hindranir eru skoðaðar og ástæður þeirra þá má rekja margar þeirra til karlmennsku. Áður fyrr þótti ekki kvenlegt að spila knattspyrnu en það þótti við hæfi að konur væru heima og sinntu hefðbundnum skyldum sínum (Hallmann, 2012). Það virðist hafa verið þannig að karlar hafi ekki viljað sleppa takinu á konum og gefa þeim þau tækifæri sem þær vildu fá. Líkt og fram hefur komið í ritgerðinni þá hafa karlar lengi vel stjórnað knattspyrnunni og hafa þeir því haft mikið að segja um framgang íþróttarinnar (Scraton o.fl., 1999). Konur hafa yfirstigið margar hindranir í gegnum söguna og í framtíðinni munu þær vonandi yfirstíga þær hindranir sem eru til staðar í dag.

Konur sem spila knattspyrnu hafa lengi vel verið stimplaðar samkynhneigðar (Caudwell, 1999). Það að vera stimplaður samkynhneigður getur verið erfitt fyrir margar stúlkur og valdið því að þær forðist íþróttina. Þar sem kvenkyns leikmönnum hefur fjölgað mikið á síðustu árum þá virðist þessi skoðun vera

breytast í samfélaginu. Möguleg ástæða fyrir því er að umræðan um samkynhneigð hefur aukist mikið á síðustu árum og virðist ekki vera eins neikvæð og hún var áður fyrr. Á Íslandi eru mörg prósent þeirra sem spila knattspyrnu stúlkur (UEFA, 2015). Þessi tenging við samkynhneigð virðist ekki vera jafn þekkt hér á landi og víða, en engar íslenskar heimildir fundust um þetta efni.

Önnur hindrun sem er enn þann dag í dag til staðar eru peningar. Þegar fjármál kvenna- og karlknattspyrnu eru skoðuð er mikilvægt að taka tillit til vinsælda. Þar sem karlknattspyrnan er mun vinsælli en kvennaknattspyrnan eiga karla lið auðveldara með að fá auglýsingasamninga og hafa meiri ágóða vegna miðasölu. Vegna þess eiga karlafélögin mun auðveldara með að greiða leikmönnum sínum laun og byggja upp góða aðstöðu. Það er því mikilvægt að karla og kvennalið vinni saman til þess að til þess að bæði konur og karlar sem stunda knattspyrnu geti notið góðs af.

Þrátt fyrir þær hindranir sem eru til staðar hefur íþróttin vaxið hraðar á síðustu árum en margir hefðu haldið og hefur fjöldi þeirra sem iðka íþróttina aukist með hverju árinu sem líður. Bæði leikmönnum sem eru eldri og þeim sem eru yngri en 18 ára hefur fjölgað (UEFA, 2015). Erfitt er að nefna eina ástæðu fyrir þessari jákvæðu þróun en ætla má að það sé meðal annars vegna aukinna tækifæra sem konur hafa fengið til þess að iðka knattspyrnu. Á síðust árum hefur uppbyggingastarf verið mikið, keppnum hefur fjölgað og áhugi aukist. Framtíðin kvennaknattspyrnunnar er því björt og fróðlegt verður að fylgjast með framgangi íþróttarinnar á næstu árum.



## Heimildaskrá

Ágúst Ingi Jónsson. (1983). *Áfram Vikingur*. Reykjavík: Knattspyrnufélagið Vikingur.

ECA Women's Football Committee. (2014). *Women's club football analysis*.

Sótt 4. apríl 2015 af

[http://www.ecaeurope.com/PageFiles/7585/ECA\\_Womens%20Club%20Football%20Analysis\\_double%20pages.pdf](http://www.ecaeurope.com/PageFiles/7585/ECA_Womens%20Club%20Football%20Analysis_double%20pages.pdf)

Caudwell, J. (1999). Women's football in the United Kingdom: Theorizing gender and unpacking the butch lesbian image. *Journal of Sport and social issues*, 23(4), 390-402. doi: 10.1177/0193723599234003.

FIFA. (2013). *Fact sheet*. Sótt 6. maí 2015 af

[http://www.fifa.com/mm/document/fifafacts/stats-matches/52/00/57/144063-factsheet-womensinternationalstatistics\\_neutral.pdf](http://www.fifa.com/mm/document/fifafacts/stats-matches/52/00/57/144063-factsheet-womensinternationalstatistics_neutral.pdf)

FIFA. (2015). *Women's ranking*. Sótt 6. maí 2015 af <http://www.fifa.com/fifa-world-ranking/ranking-table/women/index.html>

FIFA. (e.d.-a). *Women's football: Progression, rise and challenges*. Sótt 8. maí 2015 af

[http://resources.fifa.com/mm/document/footballdevelopment/women/02/32/39/48/fifa1\\_4727\\_womens\\_football\\_brochure\\_2013\\_low\\_res\\_neutral.pdf](http://resources.fifa.com/mm/document/footballdevelopment/women/02/32/39/48/fifa1_4727_womens_football_brochure_2013_low_res_neutral.pdf)

FIFA. (e.d.-b). *History of football – the global growth*. Sótt 3. apríl 2015 af

<http://www.fifa.com/classicfootball/history/the-game/global-growth.html>

FIFA. (e.d.-c). *FIFA women's world cup Canada. 2015*. Sótt 3. maí 2015 af

<http://www.fifa.com/womensworldcup/>

- FIFA. (e.d-d). *FIFA: Women's competitions*. Sótt 3. maí 2015 af  
<http://resources.fifa.com/mm/document/footballdevelopment/women/01/99/95/82/02wfcompetition.pdf>
- Grainey, T. F. (2012). *Beyond bend it like Beckham: The global phenomenon of women's soccer*. Lincoln, NE: University of Nebraska Press.
- Hallmann, K. (2012). Women's 2011 football world cup: The impact of perceived images of women's soccer and the world cup 2011 on interest in attending matches. *Sport management review*, 15(1), 33-42.  
doi:10.1016/j.smr.2011.05.002
- Harris, J. (1999). Lie back and think of England: The women of Euro 96. *Journal of sport and social issues*, 23(1), 96-110. doi:  
10.1177/0193723599231007.
- Harris, J. (2005). The image problem in women's football. *Journal of sport and social issues*, 29(2), 184-197. doi:  
10.1177/0193723504273120.
- Hjelseth, A. og Hovden, J. (2014). Negotiating the status of women's football in Norway. An analysis of the online supporter discourses. *European Journal for Sport and Society*, 11(3), 253-277.
- IOC. (2013). *Factsheet: Women in the Olympic movement*. Sótt 4. maí 2015 af  
[http://www.feminist.org/education/pdfs/FACTSHEET\\_Women\\_in\\_Olympic\\_Movement.pdf](http://www.feminist.org/education/pdfs/FACTSHEET_Women_in_Olympic_Movement.pdf)
- IOC. (e.d.). *Football equipment and history*. Sótt 3. mars 2015 af  
<http://www.olympic.org/football-equipment-and-history?tab=history>

- KSÍ. (1998). *Úrslit-staða*. Sótt 6. maí 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/motalisti/urslit-stada/?MotNumer=11243>
- KSÍ. (2006). *Mótamál*. Sótt 4. maí 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/nr/4922>
- KSÍ. (2007). *Mótamál*. Sótt 4. maí 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/nr/5826>
- KSÍ. (2008). *Ársskýrsla KSÍ 2008*. Sótt 15. apríl 2015 af  
[http://www.ksi.is/media/arsting/Skyrsla\\_stjornar\\_2008\\_a\\_netid.pdf](http://www.ksi.is/media/arsting/Skyrsla_stjornar_2008_a_netid.pdf)
- KSÍ. (2015). *Mótalisti*. Sótt 17. maí 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/motalisti/>
- KSÍ. (e.d-a). *Leikir félaga*. Sótt 4. maí 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/leikir-felaga/?nleit=0&felag=%25&vollur=59&flokkur=111&kyn=0&samsett=0&dFra-dd=27&dFra-mm=04&dFra-yy=2010&dTil-dd=04&dTil-mm=05&dTil-yy=2015>
- KSÍ. (e.d.-b). *Leikskýrsla*. Sótt 1. mars 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/motalisti/leikskyrsla/?Leikur=120352>
- KSÍ. (e.d.-c) *Leikir félaga*. Sótt 1. mars 2015 af  
<http://www.ksi.is/mot/leikir-felaga/?felag=136924&vollur=%25&flokkur=112&kyn=0&dFra-dd=01&dFra-mm=01&dFra-yy=1980&dTil-dd=30&dTil-mm=12&dTil-yy=2012>
- Lopez, S. (1997). *Women on the ball: A guide to women's football*. London: Scarlet press.

- Macbeth, J. L. (2004). *Women's football in Scotland: An interpretive analysis*. (Doktors-ritgerð). University of Sterling, íþróttafraeðideild. Sótt 6. maí 2015 af <http://hdl.handle.net/1893/1843>
- Mean, L. (2001). Identity and discursive practice: Doing gender on the football pitch. *Discourse and society*, 12(6), 789-815. doi: 10.1177/0957926501012006004
- Newsham, G. J. (2014). *In a league of their own: the Dick, Kerr ladies 1917-1965*. England: Paragon Publishing.
- Pfister, G. (2001). Must women play football? Women's football in Germany, past and present. *Football studies*, 4(2), 41-57.
- Pfister, G. (2015). Assessing the sociology of sport: On women and football. *International review for the sociology of sport*, 50(4-5), 563-569. doi: 10.1177/1012690214566646
- Scraton, S., Fasting, K., Pfister, G. og Bunuel, A. (1999). It's still a man's game: The experiences of top-level European women footballers. *International review for the sociology of sport*, 34(2), 99-111. doi: 10.1177/101269099034002001
- Sigurður Sverrisson og Viðir Sigurðsson. (1982). *Íslensk knattspyrna '82*. Reykjavík: Bókhláðan.
- Skapti Hallgrímsson. (2009). *Bikardraumar: Saga bikarkeppninnar í knattspyrnu í hálfra öld*. Reykjavík: Knattspyrnusamband Íslands.
- Skapti Örn Ólafsson. (2001, 18. ágúst). Rússarnir verða erfiðir viðureignar. *Morgunblaðið*, bls. B2-B3.
- Tate, T. (2013). *Girls with balls*. London: John Blake Publishing Ltd.

- UEFA. (2013). *UEFA: Women's competitions*.  
Sótt 3. maí 2015 af  
[http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/Women/General/01/99/05/49/1990549\\_DOWNLOAD.pdf](http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/Women/General/01/99/05/49/1990549_DOWNLOAD.pdf)
- UEFA. (2014). *Women's competitions: filling stadiums and promotional concepts*. Sótt 3. maí 2015 af  
[http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/Women/General/02/13/48/32/2134832\\_DOWNLOAD.pdf](http://www.uefa.com/MultimediaFiles/Download/Women/General/02/13/48/32/2134832_DOWNLOAD.pdf)
- UEFA. (2015). *Women's football across the national associations: 2014-15*. Sótt 3. maí 2015 af  
[http://www.uefa.org/MultimediaFiles/Download/uefaorg/WFprogramme/02/20/39/67/2203967\\_DOWNLOAD.pdf](http://www.uefa.org/MultimediaFiles/Download/uefaorg/WFprogramme/02/20/39/67/2203967_DOWNLOAD.pdf)
- UEFA. (e.d.-a). *European football's governing body*. Sótt 1. mars 2015 af  
<http://www.uefa.org/about-uefa/history/index.html>
- UEFA. (e.d.-b). *Women's football development programme: Factsheet*. Sótt 4. apríl 2015 af  
[http://www.uefa.org/MultimediaFiles/Download/EuroExperience/Women/WFDP/01/72/39/37/1723937\\_DOWNLOAD.pdf](http://www.uefa.org/MultimediaFiles/Download/EuroExperience/Women/WFDP/01/72/39/37/1723937_DOWNLOAD.pdf)
- United Nations. (2007). *Women, gender equality and sport*. Sótt 3. apríl 2015 af  
<http://www.un.org/womenwatch/daw/public/Women%20and%20Sport.pdf>
- Víðir Sigurðsson og Sigurður Á. Friðbjólfsson. (1997). *Knattspyrna í heila öld*.  
Reykjavík: Knattspyrnusamband Íslands.
- Víðir Sigurðsson. (2009). *Íslensk knattspyrna 2009*. Reykjavík: Tindur.
- Víðir Sigurðsson. (2013). *Íslensk knattspyrna 2009*. Reykjavík: Tindur.

Waldron, J. J. (2007). Looking at the past to understand the present: Women and sport. *Journal of Physical Education, Recreation & Dance*, 78(3), 3-9.  
doi:10.1080/07303084.2007.10597978

Williams, J. (2013). *Globalising women's football: Europe, migration and professionalization*. Bern: Peter Lang.

WW1: Why was women's football banned in 1921. (2014, 12. desember). *BBC news Magazine*. Sótt 17. maí 2015 af  
<http://www.bbc.com/news/magazine-30329606>